

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 358 25. júlí 1986 um gatnagerðargjöld  
í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald þetta er:

A. A-gjald, sem er í tveimur hlutum.

1. Gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við tengingu vatns- og holræsakerfis, mælingagjöld, úttektargjöld og vottorð um byggingarstig hússins, auk lóðargjalds skv.

3. gr.

2. Gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu skv. 3. gr.

B. B-gjald, sem er gjald lagt á húseigendur til að greiða kostnað við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttar.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Til útreikninga A-gjalds skal nota eftirfarandi einingatölur, miðaðar við byggingavísitölu 250, sem breytist samkvæmt sömu vísitölu eins og hún er á hverjum þeim tíma, sem gjaldið er lagt á.

Fyrri hluti A-gjalds er ákveðinn þannig:

- |                                                                                            |                   |
|--------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|
| 1. Einbýlishús með bifreiðageymslu, parhús, raðhús<br>og fjölbýlishús með allt að 8 íbúðum | kr. 16.000 á íbúð |
| 2. Fjölbýlishús með fleiri en 8 íbúðum                                                     | kr. 12.000 á íbúð |
| 3. Atvinnuhúsnæði                                                                          | kr. 10.000 á hæð  |
| 4. Lóðargjöld kr. 25 á hvern m <sup>2</sup> lóðar                                          |                   |

Síðari hluti A-gjalds er ákveðinn þannig:

- |                                                                                                              |                                  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|
| 5. Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m <sup>3</sup>                                                       | kr. 62.000                       |
| 6. Parhús að 400 m <sup>3</sup>                                                                              | kr. 47.000                       |
| 7. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús<br>með allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð,<br>hver íbúð | að 400 m <sup>3</sup> kr. 33.500 |
| 8. Raðhús á tveimur hæðum, hver íbúð                                                                         | að 400 m <sup>3</sup> kr. 21.500 |
| 9. Fjölbýlishús á tveimur hæðum með allt að 8<br>íbúðum, hver íbúð                                           | að 400 m <sup>3</sup> kr. 15.500 |
| 10. Fjölbýlishús á þremur hæðum eða fleiri með fleiri<br>en 8 íbúðum, hver íbúð                              | að 300 m <sup>3</sup> kr. 10.500 |
| 11. Verslunar-, skrifstofu- og skólahúsnæði, hver m <sup>3</sup>                                             | kr. 125                          |
| 12. Iðnaðarhús og vörugæmslu, hver m <sup>3</sup>                                                            | kr. 93                           |
| 13. Umframstærðir í íbúðarhúsum, hver m <sup>3</sup>                                                         | kr. 63                           |

Ef byggt er við eldra hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir í 13. tölul.

## 3. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjalddagi fyrri hluta A-gatnagerðargjalda samkvæmt 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt síðari hluta gjaldsins þegar byggingarframkvæmdir hefjast. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á fyrri hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast, eða allt að tvo mánuði. Sé gjaldið þá eigi greitt, er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

Reglugerð þessi sem samin er af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar í Suður-Múlasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

---

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***AUGLÝSING****um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.**

Aðalnámskrá grunnskóla, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1989–1990 að því leyti sem við verður komið. Jafnframt fellur úr gildi aðalnámskrá frá 27. september 1976 og hlutar hennar, sem tóku gildi síðar.

*Menntamálaráðuneytið, 28. apríl 1989.*

**Svavar Gestsson.**

---

*Knútur Hallsson.***GJALDSKRÁ****fyrir heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.**

## 1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar er sveitarstjórnnum á svæðinu heimilt skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta gjöld svo sem frá greinir í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 5 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.